



## Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Reykjavík 12. nóvember 2019

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands um tillögu til þingsályktunar um grænan samfélagssáttmála. Þingskjal 31 — 31. mál.

Samtökin fagna þingsályktunartillögunni og undirstrika að gagnrýni sem fram hér að neðan er sett fram af velvild en ekki óánægju með að þingmenn vilji auka metnað lands og þjóðar.

Samtökin leggja áherslu á að helsta forsenda græns samfélagssáttmála er að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda (ghl) fyrir 2030 um a.m.k. 40%. Stjórnámálamenn skjóta iðulega yfir markmið með tali um kolefnishlutleysi árið 2040, sem vitaskuld næst ekki nema að losun minnki verulega. Allt frá því að loftslagsstefna var fyrst mótuð af ríkisstjórn Íslands árið 1995 hefur losun aukistý stöðugt.

Fram kemur í athugasemd hér að neðan að ekki var samhljómur í þingsályktun um eflingu græna hagkerfisins sem samþykkt var 20. mars 2012. Eftir því sem næst verðu komist leggst Sjálfstæðisflokkurinn enn gegn kolefnisgjaldi líkt og fram kom í [bókun](#) Illuga Gunnarssonar. Þetta er algjört grundvallaratriði vilji Alþingi tryggja boðuð orkuskipti í samgöngum eigi sér stað.

Hvergi í þessari í þingsályktunartillögu er minnst á [líffræðilegan fjölbreytileika](#) eða hnignun hans. Hér að neðan er vakin athygli á þessum veikleika sem einnennir stefnu Íslands í málefnum hafsins. Þ.e.a.s. sú stefna er ekki til. A.m.k. ekki opinberlega. Þess í stað kynnir utanríkisráðherra árlega í skýrslu sinni til Alþingis að nefnd þriggja ráðuneyta vinni nú að stefnumótun í málefnum hafsins. Ekkert samráð hefur átt sér stað við hagsmunaaðila aðra en Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Þessi staða gengur þvert gegn hugmyndum um grænan samfélagssáttmála og er með öllu óviðunandi.

Burtséð frá þeim góðu markmiðum sem fram koma í þessari þingsályktunartillögu myndi starf nefndar og annarra sem að þessu máli munu vinna verið mjög gagnlegt lærdómsferli fyrir þingheim, stjórnaráðið, almenning og fyrirtæki.

Vinsamlega sjá athugasemdir við textann hér að neðan.

Virðingarfyllst,

f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ámi Finnsson', written in a cursive style.

Ámi Finnsson.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að leggja fram tillögur um grænan samfélagssáttmála hið fyrsta sem taki til allra sviða þjóðlífsins.

Til undirbúnings tillögunni boði forsætisráðherra til þjóðfundar um „Græna Ísland“ vorið 2020 og í kjölfar hans verði tillögur um grænan samfélagssáttmála unnar af fulltrúum allra stjórnmálaflokka í framtíðarnefnd forsætisráðherra, í samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, ásamt því að samdar verði tillögur um lagabreytingar. Framtíðarnefnd skili tillögum sínum til forsætisráðherra eigi síðar en 1. febrúar 2021.

Tillögurnar feli í sér að eftirfarandi markmiðum verði náð fyrir árið 2030:

1. Ísland dragi verulega úr losun ghl og verði kolefnishlutlaust land, en þess skal gætt að aðgerðirnar bitni sem minnst á launafólki og jaðarsettum hópum.

2. Efnahagsleg framtíð landsins verði tryggð með sjálfbærni sem ófrávikjanlegu skilyrði.

3. Teknir verði upp nýr mælikvarðar á velsæld í hagkerfinu, með hliðsjón af þörfinni á velmegun án vaxtar sem minnkar álagið á umhverfið.

4. Fjárfestingar í Ráðist verði í verulegar fjárfestingar á nauðsynlegum innviðum og uppbyggingu til að markmið sáttmálans nái fram að ganga innan settra tímamarka, í samræmi við viðmið milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál/loftslagsbreytingar, nemi um 2.5% af landsframleiðslu.

5. Ísland setji dragi úr losun um 55% fyrir 2030 fyrir árið 2030 verði bar með í framvarðasveit ríkja þegar kemur að í baráttunni gegn loftslagsvánni.

6. Alþjóðlegt samstarf til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins og Sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verði eftt verulega. Ísland standi með smáum evríkjum í baráttu þeirra fyrir framtíð sinni og stofnað verði til samstarfs við stofnanir og samtök sem vinna gegn loftslagsvánni. Um leið verði uppbygging stjórnarráðsins, stofnanna þess og samtaka tryggð með það að markmiði að ná 55% samdrætti í losun árið 2030 og kolefnishlutleysi árið 2040.<sup>1</sup>

7. Sett verði lög um kolefnishlutleysi fyrir vorið 2020.

Stuðlað verði að auknu alþjóðlegu samstarfi og samtali um tæknileg málefni, sérfræðiaðstoð, vörur, þjónustu og fjármagn sem gæti nýst öðrum þjóðum við kolefnisbindingu og að ná kolefnishlutleysi.

Framtíðarnefnd forsætisráðherra verði tryggt fjármagn til að ljúka vinnunni á tilsettum tíma.

Tillögurnar verði leiðarvisir fyrir ríkisstjórn Íslands að markmiði um fullt jafnvægi í losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda á öllum sviðum þjóðfélagsins og í alþjóðlegri samvinnu Íslands við önnur ríki í baráttunni gegn loftslagsvánni.

<sup>1</sup> Í 4. gr. Parísarsamningsins segir: „Í því skyni að ná fram langtímamarkmiðinu um hitastig, sem sett er fram í 2. gr., stefna aðilarnir að því að ná hnattrænu hámarki á losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og auðið er, en viðurkenna að það tekur aðila, sem eru þróunarlönd, lengri tíma að ná hámarkinu, og að takast á hendur að draga skjótt úr losun eftir það, í samræmi við bestu fyrirbyggjandi vísindi, til þess að ná jafnvægi milli losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá uppsprettum og upptöku þeirra í viðtaka á síðari helmingi þessarar aldar, á grundvelli sanngirni, og í tengslum við sjálfbæra þróun og viðleitni til að útrýma fátækt

**Commented [AF1]:** Er þá átt við að markmiðin hér að neðan verði lögð til grundvallar?

**Commented [AF2]:** Náttúruverndarsamtök Íslands leggja til að leitað verði út fyrir landsteinanna til að fá ráð og hugmyndir. Nefna má Stockholm Environmental Institute, Stockholm Resilience Centre eða samtök á borð við Greenpeace og WWF. Jafnframt er mikilvægt að Ísland leiti samstöðu með smáum og læglendum eyríkjum (Small Island Development States) sem hafa unnið frábært starf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með samheldni sinni.

**Commented [AF3]:** Fyrir 2030?

**Commented [AF4]:** Sjálfbærni er óljóst hugtak. Er átt við skilgreiningu Brundtland skýrslunnar frá 1987 eða er átt við jálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna?

**Commented [AF5]:** Viðmið eða niðurstaða IPCC er að hækkan meðalhitastigs Jarðar verði að takmarka við 1,5°C. Ennfremur, IPCC hefur lagt til að framlög ríkja verði 2,5% af landsframleiðslu.

**Commented [AF6]:** Um loftslagsbreytingar sbr. Intergovernmental Panel on Climate Change.

**Commented [AF7]:** Árangur síðustu 25 ár er afar slakur. Losun ghl hefur aukist jafnt og þétt. Róttækra breytinga er þörf ætli Ísland á að skipa sér í framvarðasveit.

**Formatted:** Font: 12 pt, Font color: Custom Color( RGB(36;36;36) )

**Formatted:** List Paragraph, Numbered + Level: 1 + Numbering Style: 1, 2, 3, ... + Start at: 7 + Alignment: Left + Aligned at: 0,63 cm + Indent at: 1,27 cm

**Formatted:** Font color: Custom Color( RGB(36;36;36) )



## Greinargerð.

Á 149. löggjafarþingi lögðu Samfylkingin og Píratar fram hvort sína umfangsmiklu þingsályktunartillöguna um grænan sáttmála (911. og 912. mál). Markmiðin voru keimlík og aðgerðirnar sömuleiðis enda leituðu báðir flokkar til sérfræðinga og samtaka sem gera svipaðar kröfur til stjórnvalda og almennings. Þessi þingsályktunartillaga sameinar tillögumar, ekki sist til að undirstrika nauðsyn samstöðu og samvinnu til að ná að sigrast á loftslagsbreytingum og samfélagslegum áskorunum á alþjóðavettvangi sem tengjast þeim.

Tillaga þessi gengur út á að lagt verði upp í stefnumótunarferli sem er ætlað að skila stefnubreytingu og tillögum til lagabreytinga sem leiði til aðgerða sem miði að því að bæta umhverfisvernd, bæði á Íslandi og erlendis, og tryggja ~~samfélagslega-efnaha~~ ~~gslega~~ velsæld þrátt fyrir samdrátt á auðlindanýtingu og ágang á jörðina. Stefnumótunarferlinu ljúki með því að forsætisráðherra leggi fram tillögur um grænan samfélagssáttmála.

Gert er ráð fyrir að stefnumótunarferlið taki allt að einu ári og lagðir verði saman kraftar hins opinbera, ~~almennings~~, fræðasamfélagsins og einkageirans. Samráð verði haft við almenning frá upphafi og haldinn sérstakur þjóðfundur um „Græna Ísland“ vorið 2020. Að honum loknum taki framtíðarnefnd forsætisráðherra við niðurstöðum fundarins og vinni úr þeim tillögur til ríkisstjórnarinnar um grænan samfélagssáttmála. Meginmarkmiðið í stefnumótun við sáttmálann verði sjálfbærni og að Ísland verði grænt land, með grænt hagkerfi. Samhliða verði unnar tillögur að lagabreytingum sem ætlað er að ná þessum markmiðum.

Á sama tíma fari fram endurskoðun og útvíkkun á aðgerðaáætlun ~~gegní~~ loftslagsvænnimálum og sett verði ~~magnbundin og tímasett markmið um samdrátt í losun og endurheimt vistkerfa til að stöðva og síðan draga úr losun frá landi.~~

~~F~~fjármálaáætlun ~~verði endurskoðuð~~ með það að markmiði að aðgerðir hins opinbera byggist á ~~sjálfbærnimarkmiðum~~ Sameinuðu þjóðanna ~~álfbærri þróun á öllum sviðum~~ – við nýtingu auðlinda og umgengni um náttúruna, við opinberar fjárfestingar og framkvæmdir og við lagasetningu. Þannig verði tekin upp umhverfistengd fjárlagagerð og hagstjórn. Samhliða stefnumótuninni taki ríkisstjórnin markviss skref strax í næstu fjárlögum til að tryggja nægt fjármagn ~~til að tryggja að~~ umræddar aðgerðir stjórnvalda ~~gangi eftir~~ ~~og atvinnulífs í umhverfismálum~~.

Komið verði á fót samráðsvettvangi ríkis og sveitarfélaga, félagasamtaka og atvinnulífsins, vísinda- og fræðasamfélagsins, undir forystu ~~framtíðarnefndar~~, til að þessir aðilar geti verið samtaka í að gera Ísland að sjálfbæru landi með grænt hagkerfi.

## Loftslagsbreytingar og nauðsyn græns sáttmála.

Aðstedjandi loftslagsvá er stærsta ~~ógnin sem steðjar að mannvinnvandamál samtímans~~. Í sérstakri skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) frá október 2018 kemur fram að hækkandi hitastig er að öllum líkindum af mannavöldum. Skýrslan lýsir jafnframt þeim breytingum sem verða á jörðinni ef hitastig hækkar um 1,5°C að meðaltali. Það hefur þegar hækkað um 1°C og hækkar um 0,2°C að meðaltali á áratug. Ef ekkert verður að gert hefur hitastigið hækkað um 1,5°C í kringum 2040 sem leiðir til hækkunar á yfirborði sjávar, eykur líkur á veðurhamförum, breyttum sjávarstraumum og margfaldri hækkun hitastigs á sumum svæðum.

**Commented [AF8]:** Hér eru samtök almennings mun verr sett en samtök atvinnulífsins. Fjárframlög til fræðasamfélagsins eru einnig næsta takmörkuð.

**Commented [AF9]:** Gott en hér þarf skýr viðmið

**Commented [AF10]:** Samstarf við atvinnulífið er af hinu góða en stjórnvöld marka stefnuna.

**Commented [AF11]:** Gjald á losun kolefnis er forsenda þess að Íslandi takist að draga úr losun ghl frá vegasamgöngum.

**Commented [AF12]:** Er líklegt að „framtíðarnefnd“ geti tekið forustu í þessum málum? Er ekki nær að efla stjórnýslu loftslagsmála til að stjórnarráðið og stofnanir þess nái að framfylgja stefnu stjórnvalda. Í dag er stjórnýsla loftslagsmála í molum.

**Commented [AF13]:** Það er vægt til orða tekið.

Áhrif hnatthlýnunar samkvæmt hófsömu mati Sameinuðu þjóðanna eru umtalsverðskefileg: 2°C hækkun markar hamfarir um allan heim, en það eru engan veginn efri mörkin ef ekki verður brugðist við. Við 2°C hækkun má búast við bráðnun ísþekju á pólunum, að hitaþensla heimshafanna leiði af sér sjávarmálshækkun upp á marga metra, að ferskvatnsskortur hafi áhrif á um 400 milljónir manna um heim allan, að margar borgir nálægt miðbaug verði óbyggilegar og að jafnvel í borgum í norðanverðri Evrópu muni þúsundir manna deyja úr hita hvert sumar eins og gerðist sumarið 2003. Hækki meðalhitinn um 3°C má búast við milljarði flóttamanna, varanlegum þurrki í suðurhluta Evrópu og að sexfalt stærra landsvæði brenni árlega í skógareldum en nú til dags. Við hækkun um 4°C má búast við þrjátíu- til sextíuföldum flóðaskemmda á láglandi og að skemmdir á heimsvísu nálgist sex hundruð billjarða dollara. Samkvæmt greiningu IPCC er búist við tæplega 4°C hækkun sé horft til skuldbindinga ríkja heims, en ekki er útilokað að hækkunin geti náð allt að 8°C.

Ekki verður séð að hægt sé að leysa loftslagsvandann og koma í veg fyrir yfirvofandi hamfarir án gríðarlegra-gagngerra breytinga á hagkerfi heimsins sem felur í sér að bruna jarðefnaeldsnevtis verði hætt. Millirikjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál reiknast til að verja þurfi 2,5% af heimsframleiðslu til loftslagsmála á ári til ársins 2035 til að halda hlýnun innan við 1,5°C. Evrópusambandið áætlað að 25% af fjármagni þess verði varið í loftslagsmál til ársins 2027 og boðar nú evrópskan grænan sáttmála. Nauðsynlegt er að Íslandi taki bátt í þeirri vinnu eins og kostur er.

Þótt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sé ágætt fyrsta skref gengur hún of skammt og takmarkað fjármagn er lagt til. Aðrar Norðurlandþjóðir eru komnar mun lengra og verja margfalt meira af vergri landsframleiðslu í loftslagsaðgerðir. Ísland verður að skipa sér í forystusveit með öðrum Norðurlandþjóðum, hlusta á vísindasamfélagið og ráðast í verulegar fjárfestingar í nauðsynlegum innviðum og uppbyggingu til að markmið sáttmálans nái fram að ganga innan settra tímamarka, í samræmi við viðmið millirikjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar-loftslagsmál. Slík fjárfesting skapar ný störf og verðmæti í nýju, breyttu og grænna hagkerfi.

Sjálfbærni skapar atvinnu. Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspa verður samdráttur í hagkerfinu á næsta ári, við slíkar aðstæður er best að ráðast í stórtækar fjárfestingar til að sporna við neikvæðum áhrifum efnahagsþrenginga á almenning. Þannig gætu grænar fjárfestingar ekki bara haft jákvæð áhrif hvað varðar loftslagsbreytingar til lengri tíma heldur á samfélag og jöfnuð til styttri tíma. Raunveruleg virk hvatning og kröfur til framleiðenda, seljenda og neytenda eru nauðsynlegar til að gera íslenskt hagkerfi grænna. Við þessa vinnu verði tekið mið af áætlun um eflingu græna hagkerfisins sem Alþingi samþykkti samhljóða 20. Mars 2012 og hún uppfærð.

Bretland og Skotland hafa þegar lýst yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og ljóst að fleiri ríki munu fylgja í kjölfarið, Ísland er þar engin undantekning. Yfirlýsing ein og sér dugir þó skammt án þess að stefnumótun sé gerð og markvissar arkvissar tímasettar aðgerðir, mælanleg markmið og nægt fjármagn til nauðsynlegrar uppbyggingar fylgi með. Breytingar á skattkerfinu, í samgöngumálum, húsnæðismálum, matvælaframleiðslu og auðlindanýtingu þurfa að fara fram með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Opinbert fé þarf að renna í rannsóknarsjóði til að efla grænar og sjálfbærar rannsóknir og skoða þarf ívilnanir, bæði til handa einstaklingum og fyrirtækjum í sjálfbærum rekstri. Þá verði

**Commented [AF14]:** Frjósömustu landsvæði veraldar er að finna á láglandum deltasvæðum Nílar, Bramaputra eða Ganges. Fleiri svæði mætti nefna, t.d. Vietnam.

**Commented [AF15]:** Gott.

**Commented [AF16]:** Er átt við hlutfallslega?

**Formatted:** Highlight

**Commented [AF17]:** Hvaða sjálfbærni? Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland lagst gegn nýjum samningi um – „International legally binding instrument under the United Nations Convention on the Law of the Sea on the conservation and sustainable use of marine biological diversity of areas beyond national jurisdiction.“

**Commented [AF18]:** Þetta stenst ekki skoðun. Sjá t.d. bókun Illuga Gunnarssonar(D) um varúðarregluna - grundvallaratriði. Illugi lýsti einnig andstöðu sinni við hækkun gjalda á mengandi eldsneyti sem er grunnforsenda árangurs við að draga úr losun frá vegasamgöngum.

**Commented [AF19]:** Allt frá því Bjarni Benediktsson tók við embætti fjármálaráðherra vorið 2013 hafa stjórnvöld tafið nauðsynlega hækkun á kolefnisgjaldi. Sjá í viðhengi skýrslu OECD Environmental Performance Reviews Iceland. Einkum til mæli neðst á bls.64.

**Commented [AF20]:** Skilgreining?

mótuð lagaumgjörð um hvað teljist græn og sjálfbær fjárfesting. **Alþjóðlega viðurkennd Sérstök** vottun **standi fyrirtækjum einnig til boðaverði höfð að leiðarljósi.**

Lífeyrissjóðir og aðrir stærri fjárfestingarsjóðir verða að skuldbinda sig til að tryggja að fjárfestingar þeirra standist markmið Parísarsáttmálans. Efla þarf rannsóknir til muna, virkja hugvitið og fjárfesta í menntun, fræðslu og nýsköpun. Með því skapast verðmæt og spennandi störf. Þá þarf að flýta aðgerðum við orkuskipti í **vegasmengingum, banna nýskráningar bensín- og dísilbíla mun fyrir en áætlað er** og flýta uppbyggingu á nauðsynlegum samgönguinnviðum til að gera þéttbýli og borgarumhverfi vistvænna.

Nauðsynlegt er að draga verulega úr útstreymi frá stóriðju. **Hækka þarf kolefnisgjald strax og láta tekjur af því renna beint í málaflokkinn, t.d. í verkefni um kolefnisbindingu.**

Einnig þarf að skoða rammaáætlun betur með tilliti til grænnar framtíðar. Samfélagsáttmálinn um Græna Ísland þarf að fela í sér byggðastefnu þar sem sérstaklega verði skoðað hvernig styðja megi við sjálfbæra innlenda matvælaframleiðslu og nýsköpun í íslenskum landbúnaði. Fjölga þarf stöðum atvinnulífsins þannig að íslenskt hagkerfi byggist í auknum mæli á hugviti til að skapa verðmæti – til þess þarf að auka menntun og nýsköpun. Smæð Íslands og hátt tæknistig verður að nýta til að prufukeyra róttækar tæknilegar, efnahagslegar og samfélagslegar tilraunir sem miða að umhverfisvænu þjóðfélagi sem dregur vagninn í loftslagsmálum á heimsvísu.

#### *Alþjóðleg samvinna.*

Omögulegt verður að ná að halda hnattrænni hlýnun innan 1,5°C marka Parísarsamningsins án viðurkaðra alþjóðlegrar samvinnu en nú á sér stað. Ljóst er að árangursmælikvarðar eru ófullnægjandi, efnahagslegir hvarfar of litlir og geta margra ríkja til að standa við skuldbindingar sínar of takmörkuð til að árangur náist.

Staða Íslands innan **alþjóðakerfisins** er tilvalin til að setja gott fordæmi þegar kemur að frekari aðgerðum til að draga úr **hnattrænni** losun gróðurhúsalofttegunda **á alþjóðlega sviðinu**. Hægt er að gripa til fjölmargra aðgerða sem myndu sýna forystu Íslands í loftslagsmálum og hvetja aðrar þjóðir til dáða. Meðal þeirra er innleiðing

loftslagsákvæðis í fríværslunar-, fjárfestingar-, varnarmála- og samstarfssamninga sem Ísland gerir við önnur ríki og ríkjasambönd. Forskrift að slíku ákvæði má finna í fjölmörgum fríværslunarsamningum EFTA þar sem áreitað er að samningurinn grundvallist á virðingu fyrir mannréttindum. Ísland gæti einnig haft framgöngu um að útbúnir verði nýir alþjóðlegir árangursmælikvarðar sem ráðast að rótum frekar en einkennum loftslagsvandans. Þar á meðal viðmið um að ná að nýju, og viðhalda, því stigi koltvísýrings í andrúmsloftinu sem þörf er á til að afstýra hamfarahlýnun. Markmiðið er að ná hlutfalli koltvísýrings í andrúmsloftinu niður í 280 hluta af milljón á 21. öldinni.

Hægt væri að nýta mun betur samráðsvettvang sem er til staðar innan ramma UNFCCC-samningsins og COP-ráðstefnunnar, til dæmis með því að útvíkka hlutverk hans til stuðnings alþjóðlegri samræmingu á stærri aðgerðum gegn loftslagsbreytingum sem ætla má að einstök ríki ráði ekki við og alþjóðlegum stuðningi við vanþróuðustu ríki heims (LDC-ríki). Sem dæmi um verkefni sem hafa gríðarlega þýðingu með tilliti til loftslagsbreytinga er vernd alþjóðlegra hafsvæða og hreinsun þeirra, einkum þar sem plast hefur safnast fyrir í verulegum mæli eða súrnun sjávar hefur þegar valdið verulegum skaða á stórum kóral. Einnig má nefna söfnun og varðveislu plöntu- og dýrategunda sem

**Commented [AF21]:** Kolefnisgjald skiptir höfuðmáli.

**Commented [AF22]:** Frábært en ártal vantar.

**Commented [AF23]:** Frábært - en gæta að því að tekjur af kolefnisgjaldi verði skipt réttlátlega þannig að þeir sem fá lág laun beri ekki skarðan hlut frá borði. Fræðimenn álíta að árið 2030 verði kolefnisgjald að vera 100 evrur á tonnið, 200 evrur árið 2040 og 300 árið 2050, eigi markmið Íslands og fleiri ríkja innan High Ambition Coalition, um að takmarka hækkun hitastigs við 1,5°C.

**Commented [AF24]:** Ísland framleiðir gríðarlegt magn af fiski til útflutnings og því varhugavert að loka landinu fyrir innflutningi með sérstökum styrkjum til landbúnaðarframleiðslu.

**Commented [AF25]:** Á næsta ári ber aðildarríkjum Parísarsamningsins að skila inn nýju markmiðum um samdrátt í losun ghl (landsframlag). Evrópuþingið samþykkti fyrir í ár ályktun um að nauðsynlegt sé að ESB-ríki dragi úr losun um 55% að meðaltali fyrir 2030 en ekki 40% líkt og samþykkt var í París.

**Commented [AF26]:** Aðildarríki Parísarsamningsins skuldbundu sig til frekari aðgerða enda ljóst að þær aðgerðir sem aðildarríkin boðuðu í aðdraganda fundarins myndu ekki duga til að halda hlýnun vel innan við 2°C líkt og kveðið er á um í samningnum.

**Commented [AF27]:** Hér væri gott að tilgreina Evrópusambandið. Ísland á aðild að loftslagsstefnu Evrópusambandsins.

**Commented [AF28]:** NB. Losun er enn að aukast á Íslandi.

**Commented [AF29]:** Á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, haldinn í New York hinn 23. september sl. tilkynnti forsætisráðherra að Ísland myndi tvöfalda framlag sitt til Green Climate Fund. Umhverfisverndarsamtök benda á sú hækkun sé ónóg út frá sanngirnissjónarmiði enda var hækkunin frá mjög lágum grunni.

sé framlag Íslands óviðunandi út frá sanngirnissjónarmiðum.

eru í útrýmingarhættu eða á válista, en ætla má að útrýming þeirra geti haft skaðleg áhrif á vistkerfi jarðarinnar. Að lokum gætu íslensk stjórnvöld beitt sér fyrir því að hýsa aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (Conference of the Parties, COP) árið 2021 sem færi af fremsta megni fram stafrænt til að draga úr kolefnisspori.

#### *Vinnan við grænan samfélagssáttmála.*

Stjórnmalafólk, atvinnulífið, fræðasamfélagið, félagasamtök og einstaklingar þurfa að taka höndum saman í stefnumótunarferli græna samfélagssáttmálans til að hann verði sá leiðarvísir sem þörf er á. Hér verða allir að leggjast á eitt.

Framtíðarnefnd hefur m.a. það hlutverk að fjalla um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga og fjalla um þróun meginstrauma sem hafa mótandi áhrif á samfélagið til framtíðar, einkum með hliðsjón af þróun umhverfismála og lýðfræðilegum þáttum, og stuðla að umræðu um tækifæri og ógnir framtíðarinnar. Það fellur því vel að hlutverki nefndarinnar að semja tillögur að grænum sáttmála fyrir Ísland, samhliða og að loknum þjóðfundi um „Græna Ísland“, og koma fram með hugmyndir í baráttunni við loftslagsvánavandanann sem hafa jákvæð áhrif fyrir samfélagið allt. Þannig eru markmið þingsályktunartillögunnar viðtæk, en setja ekki þröngan ramma utan um störf nefndarinnar. Til að tryggja að framtíðarnefnd skili sáttmálsdrögum innan þeirra þröngu tímamarka sem tiltekin eru í tillögu þessari verður nauðsynlegt að forgangsraða gerð sáttmálans í samræmi við þann alvarlega vanda sem við blasir.

Flutningsmenn leggja áherslu á mikilvægi þess að framtíðarnefnd verði tryggt nauðsynlegt fjármagn svo að hún geti sótt þá sérfræðiaðstoð sem þörf er á ásamt því að hafa fullt samráð við almenning og hagsmunasamtök um land allt.